

Nd. **231. Frumvarp til laga** [115. mál]
um breyting á lögum nr. 74 11. júní 1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

a. Í 1. tölulið 2. gr. laganna falli niður orðin „og hafa óflekkað mannorð“.

b. Á eftir 5. tölulið 2. gr. bætist nýr töluliður, svofelldur:

Heimilt er að synja manni um löggildingu, ef 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samhliða frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum, enda stendur það í nánum tengslum við það frv.

Í frv. þessu er lagt til, að ákvæðum um skilyrði þess að hljóta löggildingu til þess að sýsla um niðurjöfnun sjóttjóna sé breytt.

Hér er fjallað um sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsidóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér á milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa þer í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis þer að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar með ofangreindu frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þar sem rakin eru í heild sinni þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar endurskoðun þeirri, sem hegningarlaganefnd hefur framkvæmt á lagaákvæðum um ýmis atvinnuréttindi.